

Drög til framkvæmdastjóra og formanns

9. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 26. ágúst 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð 8. fundar frá 3. júní sl. samþykkt.

2. Formannafundar haustið 2010 (áður á dagskrá 2. júní sl.)

Fundinum, sem boðaður var 4. september nk., hefur verður frestað til 18. september nk.

Fundurinn verður haldinn í Keflavík. Samþykkt er að óska eftir ársskýslum aðildarfélaga.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir ársskýrslum hjá félögunum.

Dagskrá fundarins rædd.

Á dagskrá fundarins verður:

- a. Kynnt verður vinna við afreksstefnu og stefnumótun FSÍ.
- b. Inntaka nýrra hópa í FSÍ.
- c. Fjáröflun/markaðssetning FSÍ.
- d. Drög að reglum um framkomu keppenda á mótum, ásýnd móta og framkomu starfsmanna. Framkvæmdastjóri sendir félögum drög að reglunum tímanlega fyrir fundinn.
- e. Breyting á reglum um skiptingu mótagjalda kynnt. Framkvæmdastjóri sendi félögunum hinar nýju reglur tímanlega fyrir fundinn..

Framkvæmdastjóra falið að ljúka frágangi dagskrár, boða til fundar og undirbúa fundinn að öðru leyti.

3. Mótagjöld (áður á dagskrá 3. júní sl.)

Svör hafa borist frá eftirtöldum félögum: Gróttu, Fima, Gerplu og Björk. Stjórn þakkar félögunum fyrir svör.

Málið rætt. Ákveðið var að breyta skiptingu mótagjalda á mótum FSÍ á þann veg að í stað þess að mótagjöld skiptist jafnt á milli þess félags sem heldur mót og FSÍ verði fyrirkomulagið þannig: Öll mótagjöld verði eins og áður greidd til FSÍ. FSÍ heldur eftir 66,6% mótagjalda en sendir því félag sem heldur mót 33,3% heildarmótagjalda sem rennur til viðkomandi félags. FSÍ skuldbindur sig til að eynamerkja helming þeirra mótagjalda sem það veitir viðtöku til nota vegna landsliðsverkefna á þann veg að þegar um er að ræða mótagjöld á hóp fimleikamótum rennur sem nemur 33,3% heildarmótagjalda til landsliðsverkefna í hóp fimleikum. Þegar um er að ræða mótagjöld á áhaldafimleikamótum rennur sem nemur 33,3% heildarmótagjalda til landsliðsverkefna í áhaldafimleikum. Þegar um er að ræða mótagjöld á almenna fimleikamótinu rennur sem nemur 33% heildarmótagjalda til verkefna á vegum nefndar um fimleika fyrir alla. Fjármunir sem koma með þessu móti til landsliðsverkefna og verkefna á vegum nefndar um almenna fimleika skulu notaðir til

verkefna í viðkomandi grein í samráði við viðkomandi tækninefnd. Fyrirkomulag á kaupum á verðlaunapeningum verður óbreytt, á ábyrgð og kostnað mótshaldara.

Gerð verði eftirfarandi breyting á 13.gr. reglugerðar FSÍ.

Grein 13. f. var þannig:

Mótagjöld skiptast til helminga á milli FSÍ og mótshaldara. Tekjur af samningsbundnum auglýsingum FSÍ og sjónvarpssendingum skulu renna í sjóð FSÍ. Allar aðrar tekjur af mótahaldi renna til mótshaldara.

Grein 13. f. verði þannig eftir breytingu:

Mótagjöld skulu greidd til FSÍ. 66,6% heildarmótagjalda koma í hlut FSÍ en 33,3% koma í hlut mótshaldara. FSÍ skuldbindur sig til að verja helming þeirra mótagjalda sem það veitir viðtöku til nota vegna landsliðsverkefna á þann veg að þegar um er að ræða mótagjöld á hóp fimleikamótum rennur sem nemur 33,3% heildarmótagjalda til landsliðsverkefna í hóp fimleikum. Þegar um er að ræða mótagjöld á áhaldafimleikamótum rennur sem nemur 33,3% heildarmótagjalda til landsliðsverkefna í áhaldafimleikum. Þegar um er að ræða mótagjöld á almenna fimleikamótinu rennur 33% heildarmótagjalda til verkefna á vegum nefndar um fimleika fyrir alla. Fjármunir sem renna til landsliðsverkefna og verkefna á vegum nefndar um almenna fimleika skulu notaðir í samráði við viðkomandi tækninefnd. Kaup á verðlaunapeningum á ábyrgð og kostnað mótshaldara.

Tekjur af samningsbundnum auglýsingum FSÍ og sjónvarpssendingum skulu renna í sjóð FSÍ. Allar aðrar tekjur af mótahaldi renna til mótshaldara.

4. Vormóti FSÍ í Vestmannaeyjum í maí sl.

Rætt var um þátttöku liðs frá Stjórninni í 3ja flokki á umræddu móti. Hópurinn var ekki skráður til keppni og greiddi því ekki mótgjöld en keppti þó á mótinu sem gestir og voru æfingar hópsins dæmdar. Samkvæmt upplýsingum stjórnar FSÍ samþykkti tækninefnd í hóp fimleikum ekki beiðni hópsins um undanþágu, þ.e. að fá að keppa sem gestir á mótinu.

Málið rætt. Stjórn FSÍ leggur á það áherslu og beinir því til forsvarsmanna félaga, yfirþjálfara og þjálfara að þeir virði ákvarðanir tækninefnda FSÍ varðandi keppnisrétt hópa/einstaklinga á mótum og furðar sig á þeirri uppákomu sem varð á Vormóti FSÍ í Vestmannaeyjum. FSÍ hvetur mótshaldara til að hafa samband við framkvæmdastjóra FSÍ varðandi öll álitamál sem koma upp varðandi keppnisrétt á mótum. Að öðru leyti minnir stjórn á afgreiðslu stjórnar í fundargerð FSÍ frá 18. febrúar sl., liður nr. 2.

5. Fjáröflun/markaðssetning fyrir FSÍ (áður á dagskrá 3. júní sl.)

Stjórn hélt vinnufund 24. júní sl. þar sem rædd var markaðssetning FSÍ, fjármál sambandsins, möguleikar á auknum styrkjum til sambandsins o.fl. Unnið hefur verið í málinu í sumar og komið hefur verið á fót vinnuhópi. Lagt er fram á fundinum minnisblað frá vinnuhópnum. Stjórn lýsir yfir ánægju með hugmyndir vinnuhópsins. Samþykkt er að vinnuhópurinn starfi náið með almannatengslafulltrúum í stjórn, framkvæmdastjóra og formanni. Styrkir og/eða tekjur sem fyrirhuguð vinna við fjáröflun og markaðssetningu mun skila af sér skulu renna til Fimleikasambandsins og vera notaðir til úthlutun í verkefni á vegum sambandsins.

6. Verkefnisstjóri í áhaldafimleikum karla og kvenna

Ráðning verkefnisstjóra landsliðs karla í áhaldafimleikum var tilraunaverkefni til eins árs.

Ráðningatími Davíðs Ingasonar, verkefnisstjóra, er nú liðinn.

Ákveðið er að auglýsa lausa stöðu verkefnisstjóra í áhaldafimleikum karla og kvenna á heimasíðu sambandsins og ÍSÍ auk þess sem auglýsingin verði kynnt aðildarfélögum.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa auglýsingu í samráði við formanni.

Áætlað er að fara af stað með sambærilegt verkefni í hóp fimleikum fyrir Evrópumót og/eða Norðurlandamót 2011 – 2012.

Til kynningar:

- a. Skýrsla fararstjóra á Eurogym 10.-16. júlí sl.

Fundi frestað til kl. 16.30 miðvikudaginn 1. september nk.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.

Stjórn Fimleikasambands Íslands, kemur saman til framhaldsfundar þann 1. september 2010, kl. 16.30, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Gunnar Sigurðsson, almannatengslafulltrúi og Hrunn Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

7. Ýmis erindi og mál frá nefnd um fimleika fyrir alla.

Stjórn hefur með tölvupósti borist nokkur erindi frá formanni nefndar um fimleika fyrir alla.

7.1

Golden Age 3. – 8. október 2010.

Nefnd um fimleika fyrir alla lýsir yfir ánægju með val á fararsjóra á ferð á Golden Age haustið 2010. Nefndin óskar eftir því við FSÍ að kostnaður vegna ferðarinnar verði endurreiknaður og að miðað verði við gengi þess dags þegar þátttakendur inntu af hendi greiðslur fyrir ferðina. Einnig er óskað eftir sundurliðun á kostnaði vegna fararstjóra.

Málið rætt. Vinnuaðferðir FSÍ við útreikning á kostnaði vegna ferða erlendis á mót, sýningar o.þ.h. er, allt frá árinu 2007, á eftirfarandi hátt: Gefin er út kostnaðaráætlun. Í góðum tíma fyrir brottför er kostnaður/lokauppgjör tilkynnt og verð fastsett miðað við gengi þess dags. Þar sem miklar sveiflur eru í gengi gjaldmiðla er reiknað með 3% álagi á gengi þess dags sem verð er fastsett. Umræt álag er sett vegna nefndra sveiflna. Ef gengi lækkar er mismuni m.a. varið til að greiða fyrir bankakostnað vegna viðskipta með erlendan gjaldeyrir milli landa.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við ofangreinda vinnuaðferð og hafnar beiðni nefndarinnar um að kostnaður verði endurreiknaður.

Framkvæmdastjóra er falið að senda nefndinni sundurliðun á kostnaði vegna fararstjóra á Golden Age 2010.

7.2

Sýningakeppni

Nefnd um fimleika fyrir alla stefnir að því að halda fyrstu sýningakeppni sem haldin hefur verið á Íslandi í fimleikum þann 20. nóvember nk. Í athugun er að koma á samstarfi við tækninefnd í hóp fimleikum og fræðslunefnd um námskeið í tengslum við keppnina.

Nefndin óskar eftir að heimild stjórnar til þess að senda fulltrúa nefndarinnar til Osló til þess að fylgjast með fyrstu landskeppni Noregi í sýningafimleikum.

Málið rætt. Framkvæmdastjóri upplýsir að umrædd sýningakeppni verður haldin laugardaginn 13. nóvember nk. í Haslehallen í Osló. Dæmt verður eftir reglum FIG um sýningakeppnir.

Stjórn FSÍ fagnar fyrirhugaðri fyrstu sýningakeppni í fimleikum á Íslandi og fyrirhuguðu samstarfi nefndarinnar við tækninefnd í hóp fimleikum.

Stjórn hefur ekki fært að taka þátt í kostnaði fulltrúa nefndarinnar á sýningakeppnina í Osló.

7.3

Gymnaestrada sumarið 2011

Fram kemur í erindi frá nefnd um fimleika fyrir alla að útlit sé fyrir að 50 – 60 manns verði í hópi Stjórnunnar sem taka mun þátt í Gymnaeströdu árið 2011. Nefndin bendir á að æskilegt sé að skipa fararstjóra sem fyrst og leggur til að Anna R. Möller verði fyrsti fararstjóri og Hlíf Þorgeirsdóttir verði annar fararstjóri. Fram kemur hjá nefndinni að hún telji nauðsynlegt að senda tvo fararstjóra.

Þá óskar nefndin eftir heimild stjórnar til þess að hafa kynningarbás á hátíðinni og bendir á að FSÍ hafi ávallt verið með slíkan kynningarbás. Fram kemur í erindi nefndarinnar að kostnaður við básinn er CHF 1.200.- sem er m.v. núverandi gengi um 140.000 kr. Nefndir stefnir að því að fá styrki til að greiða fyrir básinn.

Málið rætt. Stjórn ítrekar að eins og venja er fari að lágmarki einn fararstjóri með hópnum en leggur áherslu á að nefndin verði í góðu samstarfi við þátttakendur um fjölda og val á fararstjórum. Kostnaður vegna fararstjórn skal greiddur af þátttakendum eins og venja er á hátíðum sem þessum.

Stjórn leggst ekki gegn því að kynningarbás verði á hátíðinni og veitir nefndinni heimild til að leita eftir styrkjum í nafni FSÍ til að fjármagna leigu á básnum en leggur áherslu á að kostnaður vegna verkefnisins falli ekki á FSÍ. Uppgjör á rekstri bássins skal sendur FSÍ og verði ágóði af rekstri bássins skal hann renna til verkefna á vegum nefndar um fimleika fyrir alla.

7.4

Nefnd 50+

Í erindi nefndar um fimleika fyrir alla til stjórnar kemur fram að nefndin hefur hug á að stofna undirnefnd sem vinni sérstaklega að málefnum 50+. Tillaga er um þriggja manna nefnd sem verði skipuð Lorens Rafni (Glóð) og Elínu Helgadóttur (Blik). Þá óskar nefndin eftir að stjórn FSÍ skipi einn fulltrúa í nefndina.

Málið rætt. Á ársþingi FSÍ, sem haldið var í Reykjavík 23. janúar sl., var samþykkt að skipuð verði 3ja manna undirnefnd nefndar um fimleika fyrir alla sem fengi það verkefni að stuðla að þátttöku iðkenda 50+. Helstu verkefni nefndarinnar gætu verið samkvæmt fundarsamþykkt: að hvetja fimleikafélögum hvar sem þau eru á landinu til að virkja iðkendur 50+ á viðkomandi svæði til að gerast félagar í fimleikafélögum eða stofna sjálfstæð félög, að halda sýningar innanlands, að taka þátt í sýningum erlendis sem og á erlendum mótum, að halda námskeið fyrir þjálfara og iðkendur og hvetja til meiri lífsgæða með hreyfingu og félagsþátttöku.

Stjórn þakka tilnefningar nefndarinnar. Fulltrúi stjórnar í nefndinni verði Birna Björnsdóttir.

7.5

Boð á ráðstefnu um sýningakeppni (Gym for Live Challenge)

FSÍ framsendi nefnd um fimleika fyrir alla boð FIG, Alþjóða fimleikasambandsins, um að senda fulltrúa á ráðstefnu um sýningakeppni í almennum fimleikum sem haldin verður í 9.-12. desember nk. FIG býður fyrsta þátttakanda frá hverju landi fría gistingu og uppihald. Nefnd um fimleika fyrir alla óskar eftir að fá að senda þátttakendur á ráðstefnuna.

Málið rætt. Framkvæmdastjóri upplýsir að skrá þarf á ráðstefnuna fyrir 1. október nk. Boð FIG felur í sér fría gistingu fyrir einn þátttakanda á námskeiðið og í gistingu og uppihald í 3 nætur. Ef FSÍ sendir einn fulltrúa á ráðstefnuna er kostnaður um 81.000 krónur. Kostnaður fyrir annan þátttakanda er u.þ.b. 137.000 krónur.

Stjórn þakkar höfðinglegt boð FIG og samþykkir að frá Íslandi fari einn þátttakandi. Samþykkt er að FSÍ greiða þann kostnað sem á vantar, þ.e. flug til og frá Osló. Stjórn leggur til að óskað verði eftir að Hlíf Þorgeirsdóttir fari á ráðstefnuna f.h. FSÍ. Óskað er eftir að fulltrúi FSÍ skili stjórn greinargerð um ráðstefnuna og miðli framkvæmdastjóra og nefndarmönnum eftir ráðstefnuna.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. september nk., kl. 16.00

Fundi slitið kl. 19.30

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.